

Málmleitartæki og fornminjar

Minjastofnun Íslands hafa borist fyrirspurnir um notkun málmleitartækja á Íslandi, hvaða reglur gilda um slík tæki og hvað eigi að gera ef eitthvað verðmætt eða merkilegt finnst með tækjunum. Sífelld verður auðveldara og ódýrara að eignast málmleitartæki og reglulega berast fréttir frá nágrannalöndum okkar af merkilegum gripum sem fundist hafa af áhugamönnum með hjálp málmleitartækja. Minjastofnun Íslands telur því rétt að taka saman á aðgengilegan hátt upplýsingar um hvað þarf að hafa í huga ef áhugi er á að eignast málmleitartæki og nýta það til að leita að málmum á víðavangi.

Á Íslandi er almenningi ekki leyfilegt að nota málmleitartæki til að leita að fornminjum.





Hvað eru fornminjar?

Samkvæmt lögum eru allar fornminjar á Íslandi friðaðar sem eru 100 ára og eldri. Friðuðum fornminjum má enginn, hvorki eigandi, landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, raska, spilla, granda, hylja, flytja úr stað eða rífa nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Fornminjar eru annars vegar **Fornleifar** og hins vegar **Forngripir**. Fornleifar og forngripir veita okkur þekkingu um fortíðina, fólkið sem hér bjó og eru því hluti af sögu þjóðarinnar.

Umhverfis fornleifar er 15 metra friðhelgað svæði sem miðast við ystu sýnilegu mörk þeirra. Það þýðir að hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á þessu friðhelgaða svæði eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands.

Fornleifar

Fornleifar eru allar jarðfastar mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.

Forngripir

Forngripir eru allir manngerðir hlutir 100 ára og eldri sem fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó.

Hver á fornminjarnar?

Jarðfastar **fornleifar** eru í eigu þess landeiganda sem á landið sem minjarnar eru á. Þó má landeigandi ekki raska þeim á nokkurn hátt, t.d. grafa þær í burtu eða færa úr stað nema með leyfi Minjastofnunar.



Forngríp sem finnast á víðavangi eru eign íslenska ríkisins.

Hvað á að hafa í huga áður en farið er út með málmleitartæki á Íslandi?

- Það má ekki leita að og grafa upp málma í og við fornleifar. Þetta á við bæði um skráðar (þekktar) og óskráðar (óþekktar) fornleifar.
- Ef þig grunar að um fornleifar sé að ræða – ekki nota málmleitartæki
- Það er nauðsynlegt að afla leyfis landeiganda áður en málmleitartæki er notað á einkalandi
- Ef þú finnur grip sem er eldri en 100 ára liggjandi á víðavangi eða grefur upp slíkan er skylt að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands
- Máltækið „sá á fund sem finnur“ á **ekki** við um forngrípi á Íslandi samkvæmt íslenskum lögum.

Hvað geri ég ef ég finn forngríp eða eða eitthvað sem gæti verið forngrípur?

Finni maður forngríp á víðavangi á strax að hafa samband við Minjastofnun Íslands. Helst á ekki að taka gripinn upp þar sem hann getur verið hluti af stærri fornleifafundi. Í slíkum tilvikum er mikilvægt að gripurinn sé á sínum stað þegar fornleifafræðingar koma að því hægt er að fá mun meiri upplýsingar ef fornleifafræðingarnir sjá í hvaða samhengi gripurinn er í jörðinni. Jarðvegurinn sem gripurinn finnst í hefur að geyma jafn mikilvægar upplýsingar og gripurinn sjálfur.

Hinsvegar, ef gripurinn er í hættu, til dæmis vegna þess að hann liggur í fjöru eða það er hættu á að hann tynist aftur, má taka hann með sér en alltaf ætti að reyna að skrá nákvæmlega hvar hann fannst, t.d. með GPS staðsetningu og ljósmynd, góðri lýsingu á umhverfinu eða með því að merkja staðinn á einhvern hátt. Forðist þó að stinga einhverju niður í jörðina þar sem gripurinn fannst því við það gætu fornleifar sem liggja neðar í jörðu skemmst.



Fæ ég borgað ef ég læt vita af forngrípafundi?

Ef gripurinn er úr góðmálmi eða eðalsteinum, eins og til dæmis silfri, gulli eða demöntum, á Þjóðminjasafn Íslands að leggja mat á verðgildi gripsins. Ríkissjóður borgar síðan þeim sem fann gripinn helminginn af upphæðinni og þeim sem á jörðina sem gripurinn fannst á hinn helminginn.

Ekki er greitt fyrir aðra forngrípi en þá sem eru úr eðalmálmum eða –steinum. Eingöngu er greitt fyrir gripi sem finnast á víðavangi og því er ekki greitt fyrir gripi sem finnast við fornleifarannsókn né gröft sem gerður er í leyfisleysi.

Þótt ekki sé greitt fyrir aðra gripi en þá sem eru úr eðalmálmum eða steinum er samt nauðsynlegt að hafa samband við Minjastofnun Íslands finni maður forngríp á víðavangi því slíkur fundur getur mögulega vísað fornleifafræðingum á merkilegar fornleifar sem geta veitt nýja þekkingu um fortíðina.



Viðhengi:

Úrdráttur úr lögum um menningarminjar nr. 80/2012

3. gr.

Fornminjar.

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngrípir og hins vegar fornleifar.

Forngrípir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngrípa. Til forngrípa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornnum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verzlunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógrofum, kolagrofum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

21. gr.

Verndun fornleifa.

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og

viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.

Friðlýstum fornleifum skal viðhaldið á kostnað ríkisins. Minjastofnun Íslands ber ábyrgð á friðlýstum fornleifum og semur verk- og fjárhagsáætlun um viðhald þeirra.

22. gr.

Friðhelgun og merkingar.

Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.

Minjastofnun Íslands skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjastaðir séu auðkennd með sérstökum merkjum. Upplýsingaskilti eða aðrar merkingar við friðlýstar fornleifar skulu vera í samræmi við reglur sem stofnunin setur og skal staðsetning þeirra vera háð samþykki stofnunarinnar. Minjastofnun Íslands er heimilt að fjarlægja skilti eða aðrar merkingar sé gerð þeirra og staðsetning ekki í samræmi við reglur sem stofnunin setur og kynnir.

26. gr.

Fundur forngrípa.

Þegar forngrípir finnast skal Minjastofnun Íslands tilkynnt um fundinn án tafar. Óheimilt er að haggja við fundinum eða fjarlægja lausa hluti úr honum nema brýna nauðsyn beri til. Stofnunin ákveður hvort frekari rannsókna er þörf á vettvangi.

Allir grípir sem grein þessi fjallar um eru eign ríkisins. Skulu þeir afhentir Þjóðminjasafni Íslands eins fljótt og unnt er.

27. gr.

Greiðslur fyrir forngrípafund.

Finnist forngrípur á annan hátt en við fornleifarannsókn á finnandi rétt á greiðslu úr ríkissjóði vegna útgjalda sem hann hefur haft vegna fundarins.

Nú finnst forngrípur úr eðalmálmum eða eðalsteinum, þar á meðal gull- eða silfurpeningar, og skal þá Þjóðminjasafn Íslands meta verðgildi grípsins. Skal annar helmingur fjárhæðarinnar greiddur finnanda en hinn landeiganda.

Útgjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd úr ríkissjóði.